



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is



Samantekt, **ágúst 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Hýr halarófa - var á sínum stað laugardaginn þann 11. ágúst. Góð þátttaka var í göngunni eins og undanfarin ár.

SÍBS Líf og heilsa - er forvarnaverkefni um heilbrigði og lífsstíl þar sem SÍBS ásamt Samtökum sykursjúkra, Hjartaheillum og Samtökum lungnasjúklinga bauð almenningi ókeypis heilsufarsmælingu í samstarfi við heilbrigðisstofnanir og sveitarfélög um allt land. Góð mæting var í mælingarnar föstudaginn 17. ágúst sl., fólki að kostnaðarlausu.

„*Lífið á eyjunni*“ - tekin var upp heil stuttmynd á Seyðisfirði í ágúst. Myndin fjallaði um Braga sem er 12 ára klár strákur en virðist ekki getað fótað sig í föstum umgjörðum samfélagsins.

Bö potturinn - þann 18. ágúst voru forstöðumanni Sundhallar færð rúm ein milljón króna, sem safnast hafði fyrir heitum potti á útisvæði hússins. 113 einstaklingar og 8 árgangar lögðu verkefninu lið.

BRAS - barnamenningarhátíð var haldin í fyrsta skipti á Austurlandi.

Opnunarhátíð þar sem öllum börnum á Austurlandi var boðið var haldin laugardaginn 8. september í Félagsheimilinu Herðubreið.

Forvarnarfulltrúi – minnti á breytingu á útivistartíma barna og unglunga, lagði áherslu á mikilvægi samverustunda fjölskyldna og lagði einnig inn til foreldra að huga að skjátíma barna sinna.

Opnir teiknitímar – boðið er upp á opna teiknitíma alla mánudaga í haust frá 3. september. Ekkert þátttökugjald og allir velkomnir.

Sveitarstjórnarmál

Ráðning bæjarstjóra - á aukafundi bæjarstjórnar þann 1. ágúst síðastliðinn samþykkti bæjarstjórn að ráða Aðalheiði Borgþórsdóttur í starf bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að fela forseta bæjarstjórnar að ganga frá ráðningarsamningi við Aðalheiði. Á sama fundi kaus bæjarstjórn Elfu Hlín Pétursdóttir formann umhverfisnefndar í stað Ágústs Torfa Magnússonar, sem var kjörinn varaformaður nefndarinnar.

Kosning í nefndir í ágúst - á fundi bæjarstjórnar 15. ágúst síðastliðinn var kosið í ferða- og menningarnefnd og kjörstjórn. Arna Magnúsdóttir var kjörin formaður ferða- og menningarnefndar.

Málefni fótboltavallarins - í ágúst voru málefni fótboltavallarins til umfjöllunar í vinnuhóp á vegum bæjarstjórnar, í bæjarráði og bæjarstjórn. Bæjarstjórnin fól bæjarstjóra að kanna lánamöguleika vegna framkvæmda við endurbætur á yfirborði vallarins og fengu þær umleitanir jákvæðar undirtektir hjá Lánasjóði sveitarfélaga. <https://www.sfk.is/is/stjornsysla/fundagerdir/baejarstjorn/1739-baejarstjorn-150818>

Heilbrigðismál - heilbrigðisþjónusta og staða hennar á Seyðisfirði kom til umfjöllunar í ágúst. Bæjarstjórn samþykkti eftirfarandi ályktun sem var síðar fylgt eftir á fundi með heilbrigðisráðherra, öðrum ráðherrum og þingflokki Vinstrihreyfingarinnar grænt framboð þegar þingflokkur og ráðherrar hreyfingarinnar funduðu á Seyðisfirði undir lok mánaðarins.

Erindisbréf - á fundi bæjarstjórnar 15. ágúst síðastliðinn lagði L-listinn fram eftirfarandi bókun „Yfirstandandi er endurskoðun á samþykkt um stjórn kaupstaðarins og erindisbréfum nefnda og ráða. Sú vinna er tímafrek og rétt að vanda til verka. Því er stefnt að því að þær breytingar á nefndum og ráðum sem í bígerð eru taki gildi í upphafi ársins 2019.“ Tillögur að erindisbréfum eru í umsagnarferli hjá fastanefndum og forstöðumönnum kaupstaðarins.

Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis - þann 23. ágúst síðastliðinn kom út skýrsla Hafrannsóknarstofnunar um mat á burðarþoli Seyðisfjarðar með tilliti til sjókvíaeldis. Niðurstaða skýrslunnar er að Hafrannsóknarstofnun ráðleggur að hámark lífmassa fiskeldis í Seyðisfirði verði 10.000 tonn
<https://www.sfk.is/is/stjornsysla/fundagerdir/baejarstjorn/1740-baejarstjornarfundur-120918>